



6. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 15. ágúst 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður, Guðrún Kristmundsdóttir (GK) gjaldkeri, Herbert Arnarson (HA), Ágúst Angantýsson (ÁA), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Einar Hannesson (EH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri KKÍ sat fundinn.

Forföll boðuðu: Lárus Blöndal annar varaformaður (LB) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Hefur verið samþykkt og birt á kki.is

2. Fjármál

GK og HSJ fóru yfir stöðuna í fjármálum og 6 mánaða uppgjör. HSJ fór yfir stöðuna á viðræðum við samstarfsaðila bæði endurnýjaða samninga og nýja. Endurnýjaður hefur verið samstarfssamingur við Lykil sem er einn af okkar öflugustu styrktaraðilum til margra ára.

3. Ný reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

Samþykkt að halda áfram vinnu við nýja reglugerð aga- og úrskurðarnefndar og að ný reglugerð muni ekki taka gildi fyrr en á næsta keppnistímabili 2024/2025.

4. Erindi frá Vestra

Er enn í vinnslu hjá mótanefnd.

5. Erindi frá Keflavík vegna erlends leikmanns

Ekki öll umbeðin gögn hafa borist og því frestað til næsta fundar.

6. Framtíðarsýn - næstu skref

ÁG og HSJ fóru yfir næstu skref í þessari vinnu.

7. Afreks- og landsliðsmál

Enn eitt umfangsmikið landsliðssumar að baki.

Karlaliðið lauk keppni í dag í riðlakeppni forkeppni Ólympiuleikanna en strákarnir okkar komust ekki upp úr riðlinum, unnu einn leik en töpuðu tveimur.

Karlaliðið með næsta verkefni í febrúar þegar undankeppni EuroBasket2025 hefst og verðum við í riðli með Ítalíu, Tyrklandi og Ungverjalandi.

Kvennaliðið er að fara til Svíþjóðar á næstu dögum að leika tvo vináttulandsleiki í Svíþjóð. Undankeppni í EuroBasket 2025 hefst í nóvember en FIBA Europe hefur frestað drætti í riðla þar til um miðjan september og því liggja andstæðingar okkar ekki fyrir.

U20 karla héldu sér í A-deild sem er frábær árangur. U16 stelpur, U18 stelpur og U20 konur komust í 8-liða úrslit B-deildar en það hefur aldrei gerst hjá stúlknalandsliðum okkar áður að ná öllum þremur liðum í 8-liða úrslit B-deildar á sama sumrinu. Þessi árangur er mjög góður þar sem þátttökupjóðum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum.

Árangur U16, U18 og U20

U20 karlar 36 lönd – 16 í A-deild 20 í B-deild, ekki keppt í C-deild í U20
Sæti nr. 12 í A-deild sem þýðir nr. 12 af 36 löndum

U20 konur 33 lönd – 16 í A-deild 17 í B-deild, ekki keppt í C-deild í U20
Sæti nr. 6 í B-deild sem þýðir nr. 22 af 33 löndum

U18 strákar 47 lönd – 16 í A-deild 22 í B-deild og 9 í C-deild.
Sæti nr. 12 í B-deild sem þýðir nr. 28 af 47 löndum

U18 stelpur 41 land – 16 í A-deild 18 í B-deild og 7 í C-deild
Sæti nr. 7 í B-deild sem þýðir nr. 23 af 41 landi

U16 strákar 46 lönd – 16 í A-deild 21 í B-deild og 9 í C-deild.
Sæti nr. 15 í B-deild sem þýðir nr. 31 af 46 löndum

U16 stelpur 44 lönd – 16 í A-deild 20 í B-deild og 8 í C-deild
Sæti nr. 5 í B-deild sem þýðir nr. 21 af 44 löndum

U15 liðin eru nýkomin heim úr æfingarferð til Kisakallio í Finnlandi.

Seinni helgi úrvalsbúða var um síðastliðna helgi og síðsta æfingahelgi U14 fer fram síðar í ágúst.

8. Málefni efstu deildar karla og kvenna

Stofnuð hafa verið hagsmunasamtök félaga í efstu deildum karla og kvenna og var haldinn fundur með þeim og fulltrúum stjórnar KKÍ. Um 70% liða í deildunum tveim eru í þessum samtökum. Góðar umræður og ákveðið að ræða þetta frekar á fundi með formönnum Subway deildar liða 1. september næstkomandi

9. Fundir með félögunum 1. og 2. september

Formannafundir 1. september, fyrst með formönnum Subwaydeildar félaga og svo formönnum allra aðildarfélaga sambandsins.

Fundur með unglingaráðum aðildarfélaga sambandsins 2. september.

10. Heimsþing FIBA 22.-26. ágúst

HSJ fer á þingið fyrir hönd sambandsins.

11. Önnur mál

a) Næsti fundur stjórnar mánudaginn 4. september kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 20:20